

Para saman bókstafi 2

sjá myndir neðst á blaðsíðunni

Efni:

- bókstafir íslenska stafrófsins (hér settir í ramma og leturgerðin er Skriftis Grunn 125 pt. Gerðir eru bæði há- og lágstafir í hvern ramma)
- nokkrar myndir til að para við hvern bókstaf og heiti orðsins skrifað þar fyrir neðan (sá stafur sem á að finna er litaður rauður og hafður bold)
- plöstunarfél og plast í hana
- franskur rennilás (báðir hlutar)
- skæri

Aðferð:

- prenta út bókstafina og myndirnar, klippa til, plasta og setja í plöstunarfélina og klippa til aftur
- langur franskur rennilás er settur á vegginn lárétt og bútur af hinum hluta rennilássins er festur aftan á hvern bókstaf. Bókstafirnir svo settir á rennilásinn í stafrófsröð. Fyrir neðan hvern bókstaf er svo settur bútur af frönskum rennilás lóðrétt. Aftan á hverja mynd er svo settur bútur af hinum hluta rennilássins þannig að hægt sé að setja það sem á að para saman fyrir neðan réttan bókstaf

Leikurinn:

- Ég gerði þetta í tveimur útgáfum. Fyrir elstu deildina útbjó ég þetta þannig að það á stundum að finna fyrsta staf í orði og stundum aðra stafi í orðinu. Það sem á að finna er eins og fyrr segir litað rautt og bold. (3-4 fyrir hvern bókstaf). Leikurinn gengur út á að para myndirnar/orðin fyrir neðan réttan bókstaf. Fyrir deildina með næstelstu börnunum gerði ég þetta á þann veg að eingöngu á að finna fyrsta bókstaf í hverju orði og stafurinn er rauður og bold (2 fyrir hvern bókstaf). Ekkert orð í íslensku byrjar á Ð eða X þannig að þar kemur ekkert fyrir neðan. Ég ætla að gera þetta fyrir yngstu deildina líka þar sem eru nokkur þriggja ára gömul börn og hafa allt stærra og einungis tveggja og þriggja stafa orð og nöfn barnanna á deildinni.

